

Hvað er töff við það í snöru að hanga

Lag og texti: Bubbi Morthens

Reykjavík er ekki lengur lítil saklaus borg
með ljósum prýddar götur, hrein og fögur torg.
Atvinnuleysisdraugurinn á daginn hefur hljótt
en dæmir menn á nóttinni og étur þeirra prótt.
Börnin eru á götunni og gatan kennir þeim
að grimmdin er vörn þeirra sem aldrei fara heim.

Menn bjóða upp á amfetamín, alsælu og hass
allt sem hugur girnist, jafnvel lítinn snottran rass.
Þrýstingur frá félögum, svona fljótur taktu einn
finndu þú sekkur maður sekkur eins og steinn.
Það er betra að vera dópaður og dreyma um annan heim.
Drukkin mamma hvíslar: Strákur, þú ert einn af þeim.

Hvað er töff við það í snöru að hanga hlandblautur og dauður
hvað er töff við það í kistu að liggja fjólublár og rauður.
Það er enginn sigur í orðum þeim að hvísla: ókei
töffari er sá sem þorir upphátt að segja: nei.

Átta stunda vinnudagur, hvern dreymir ekki um það
draumurinn að geta lífað og átt sinn sama stað.
Þó þú vinnir myrkra á milli þá færðu aldrei frið
fyrir reikningum sem enda sem krabbi í þínum kvið.
Orðin þylur þreyttur faðir fúllyndur og strangur
fölnur strákur veit hvað er að vera í hjarta sínu svangur.

Flótti, flótti eitrið mjúka, má ég ekki dauðann strjúka

myndir, myndir úr pípu rjúka samt læknar ekki hjartað sjúka.

Brennivín sem vímugjafi er eins og hægri höndin á Tyson
þeir sem halda að þeir geti unnið þeir lifa í falskri von
það skiptir ekki máli hvað allir hinir krakkarnir halda
eitrið lætur börnin sín með heilsu sinni gjalda.

Skólinn er martröð þar sem grimmdin gleypir þá smáu
ræfilslegur í tíma situr hann með baugana sína bláu
enginn fókus, engin skerpa, skelfing festir rætur
sem skuggi fögur ungur maður reynir að fara á fætur
frelsi er að geta sagt mig langar ekki í
frelsi er að geta sagt mig langar ekki í.

Lagið má finna á eftirtöldum útgáfum

- Bubbi - Allar áttir (1996)
- Ýmsir - Fermign 87 (1997)*
- Bubbi - Sögur af ást landi og þjóð 1980 - 2010 (aðins á DVD 2010)*

Athugasemd:

Lagið kom einnig út á kynningarmyndbandi sem kallaðist Þorir þú að segja nei og var gefið út af Krossgötum. Þar er Gulli Briem sagður eiga lag en Bubbi texta og söng. Þessi útsetning kom einnig út á Ferming 87 (1997) og á DVD safnplötunni 2010.